

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 129 13. mars 1978, um þorskfisknet.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skipum, sem hafa 12 menn eða fleiri í áhöfn, skal óheimilt, að hafa fleiri en 150 net í sjó.

Sé áhöfn 11 menn skulu ekki fleiri en 138 net í sjó.

Sé áhöfn 10 menn skulu ekki fleiri en 126 net í sjó.

Sé áhöfn 9 menn skulu ekki fleiri en 114 net í sjó.

Sé áhöfn 8 menn skulu ekki fleiri en 102 net í sjó.

Sé áhöfn 7 menn skulu ekki fleiri en 90 net í sjó.

Sé áhöfn 6 menn skulu ekki fleiri en 78 net í sjó.

Sé áhöfn 5 menn skulu ekki fleiri en 66 net í sjó.

Sé áhöfn 4 menn skulu ekki fleiri en 54 net í sjó.

Sé áhöfn 3 menn skulu ekki fleiri en 42 net í sjó.

Sé áhöfn 2 menn skulu ekki fleiri en 30 net í sjó.

Miðað er við, að 60 faðma löng slanga sé í hverju neti.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt í veiðileyfum til þorskfisknetaveiða að takmarka ennfrekar leyfilegan netafjölda báta, telji það ástæðu til t. d., ef bátar landa ekki afla daglega.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. desember 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.